

Alþingi
Erindi nr. P 139/941
komudagur 10.12.2010

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (82. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við vami gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess.

Markmið með umræddri tilskipun er að setja ramma um umhverfisábyrgð, sem byggð er á mengunarbótareglunni, til að koma í veg fyrir umhverfistjón og ráða bót á því. Tilskipuninni er ætlað að færa ábyrgð á umhverfistjóni til þess sem tjóninu veldur, þ.e. til rekstraraðila þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipunina. Henni er þannig ætlað að tryggja að öll atvinnustarfsemi á svæðinu beri sambærilega fjárhagsábyrgð á þeim skaða sem hún kann að valda. Ábyrgðin nær þó einungis til tjóns á umhverfinu en tjón á eignum eða lífi og limum fellur ekki undir ákvæði tilskipunarinnar. Ábyrgðin tekur til tjóns á vernduðum tegundum og vistgerðum, landi og vatni.

Umhverfisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um umhverfisábyrgð. Er efni þess í samræmi við tilskipun 2004/35/EB og reglur opinbers réttar um athafnaskyldur rekstraraðila sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku.

Nefndin hefur fjallað um málið og tekið afstöðu til þingsályktunartillögunnar. Er niðurstaða nefndarinnar að leggja til að utanríkismálanefnd samþykki tillöguna án breytinga.

Alþingi, 10. desember 2010

Mörður Árnason, form.,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Vigdís Hauksdóttir,
Skúli Helgason.